

Fimmtudaginn 15. nóvember 1984.

Nr. 97/1984. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Halldóri Einarssyni

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 27. mars 1984. Af hálfu ákæruvalds er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 29. ágúst sl.

Staðfesta ber niðurstöður héraðsdóms um sakarmat og færslu brota ákærða til refsíákvæða.

Ákærði sætti fyrst refsíðómi hinn 27. apríl 1983, en eigi 29. apríl, svo sem mishærmt er í sakavottorði. Var hann þá sakfelldur fyrir innbrotspjófnað, framinn 11. mars 1983, en ákvörðun um refsingu frestað skilorðsbundið. Þá var hann dæmdur hinn 15. nóvember 1983 fyrir pjófnað, framinn 24. desember 1982. Voru málin bæði réttilega dæmd í einu lagi samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga og refsing ákveðin 3 mánaða skilorðsbundið fangelsi. Ber nú enn samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga að dæma í einu lagi refsingu fyrir þau brot, sem dómur 15. nóvember 1983 tekur til, og fyrir brot þau, sem hann er saksóttur fyrir í þessu máli, og hafa hliðsjón af 77. gr. hegningarlaga svo og 78. gr., þar sem brot ákærða gegn lögum um ávana- og fíkniefni voru framin, áður en nefndur dómur 15. nóvember 1983 var kveðinn upp. Refsing verður ákveðin fangelsi 4 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Halldór Einarsson, sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, 8.000.00 krónur.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 2. febrúar 1984.

Ár 1984, fimmtudaginn 2. febrúar var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem háð var í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Guðmundi Benediktssyni ftr. við undirritaða votta, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 121/1983: Ákærvaldið gegn Halldóri Einarssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 12 janúar sl., er af hálfu ríkissaksóknara höfðað með ákæru, dags. 27. október 1983, á hendur Halldóri Einarssyni, Sólvallagötu 25, Reykjavík, fæddum þar í borg 21. apríl 1960, fyrir eftirgreind brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, framin á árinu 1981:

„I. Í janúar lagt fram fé til hasskaupa erlendis í félagi við Heimi Baldursson og Ámunda Sigurðsson, sem keypti um 460 gr af efninu í Kaupmannahöfn og flutti það hingað til lands. Í hlut ákærða komu 170-180 gr, sem hann móttók af nefndum Ámunda að Laugavegi 27 í Reykjavík og seldi að verulegum hluta ótilgreindu fólki.

II. Í maí/júní í Reykjavík keypt 50 gr af hassi af nefndum Ámunda á kr. 120 hvert gramm og selt hluta þess ónafngreindu fólki á kr. 140-150 hvert gramm.

III. Um sama leyti mótttekið 66 gr af hassi að heimili sínu af nafngreindum skoskum manni og nefndum Ámunda.“

Ofangreind háttsemi er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. nú 9. gr. laga nr. 75, 1982, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974.

Þá er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómkröfur verjanda ákærða eru aðallega, að hann verði sýknaður af öllum liðum ákærunnar. Til vara, að hann verði dæmdur til vægustu refsingar, sem lög leyfa. Málsvarnarlauna er ekki krafist.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir: 1977 3/5 í Reykjavík: Sátt, 30.000 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. Ökul. svipting 12. mán. frá 3/5 1977.

1978 28/6 í Reykjavík: Sátt, 100.000 kr. sekt f. brot g. 25., 27. og 59. gr., sbr. 60. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 12. mán. frá 8/5 1978.

- 1980 í Reykjavík: Uppvís að broti g. 244. gr. hgl. ákæru frestað skb. í 2 ár frá 8/9 1980.
- 1983 29/4 Dómur: Sakfelldur f. brot g. 244. gr. hgl. Ákvörðun um refsingu frestað skb. 2 ár. frá 29/4 1983.
- 1983 23/8 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt f. brot g. 41. gr. umfl.
- 1983 15/11 í Reykjavík: Dómur: 3 mán. fangelsi skb. 2 ár f. brot g. 244. gr. hgl.

Málsatvik.

Sumarið 1981 var þetta mál aðallega til rannsóknar hjá lögreglu í Reykjavík og hér fyrir dómi, og er það hluti af umfangsmiklu máli, þar sem um 60 ungmenni gerðust sek um fíkniefnamisferli. Hefur þetta mál tafist nokkuð af þessum sökum.

Ákærði viðurkenndi ekki í fyrstu fíkniefnamisferli, sem borið var á hann. Eftir að ákærða hafði verið gert ljóst, að aðiljar málsins voru búnir að skýra frá málinu, játaði hann sinn hlut að því.

Ákærði skýrði svo frá í yfirheyrslu hjá lögreglu 24. 6. 1981, að í janúar það ár hafi hann lagt Ámunda Sigurðssyni kr. 10.000.00 til fíkniefnakaupa. Þá hafi Heimir Baldursson einnig lagt Ámunda fé til fíkniefnakaupa og þeir tveir farið utan til kaupa á hassefni. Ákærði kvað þá tvo hafa svo komið hingað til lands með um ½ kg af hassi og hafi hann fengið í sinn hlut 170-180 gr. Ekki kvaðst hann vita, hvernig afgangur efnisins skiptist milli hinna tveggja, en telur hlut Ámunda þó hafa verið stærri en Heimis.

Skipting hassefnisins fór fram að Laugavegi 27 að sögn ákærða, og voru þeir allir þrír viðstaddir. Kvaðst ákærði hafa selt sinn hluta að mestu ónafngreindu fólki.

Nefndur Ámundi bar efnislega á sama veg, en sagði heildarmagn hafa verið um 460 gr og hlut ákærða um 180 gr.

Þá kvaðst ákærði hafa keypt nokkru síðar af nefndum Ámunda 50 gr af hassi á 120 kr. hvert gramm og endurselt að hluta ótilgreindu fólki á 140-150 kr. hvert gramm.

Þessi framburður ákærða er í samræmi við framburð nefnds Ámunda, sem kvaðst hafa selt ákærða 50 gr af hassi í júní það ár og hafa átt að fá 120 kr. fyrir hvert gramm, en ekki verið búinn að fá greitt fyrir þetta hassefni.

Loks viðurkenndi ákærði að hafa móttengið af nefndum Ámunda og nafngreindum skoskum manni 66 gr af hassi að heimili sínu um sama leyti. Framburður margnefnds Ámunda er samhljóða, en hann kvað ákærða enn skulda andvirði efnisins.

Ákærða var birt ákæran 13. desember sl., og hafði hann engar athugasemdir fram að færa um efni hennar.

Niðurstaða.

Ákærði hefur samkvæmt ofansögðu viðurkennt að hafa haft í frammi háttsemi þá, er í ákæru greinir, og er sú játning studd framburðum annarra og öðrum gögnum málsins.

Þykir því sannað, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í ákæruskjali greinir.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

Ekki verður fallist á aðalkröfu verjanda, að ákærði verði sýknaður vegna fyrningar, því hér á við 2. tl. 81. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 3. gr. laga nr. 20, 1981.

Greind háttssemi ákærða er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr laga um ávana- og fíkniefni, nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. nú 9. gr. laga nr. 75, 1982, og 2. gr., sbr. 10 gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974, sbr. 77. gr. alm. hgl.

Ákærði varð uppvís að broti gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, og var ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 8/9 1980 að telja. Ákærði rauf því skilorð það, sem honum var gert með þessari frestun ákæru. Vegna framangreinds dráttar á máli og vegna síðari dóma yfir ákærða verða bæði málin ekki tekin til meðferðar. Dæmt verður því einungis í þessu máli.

Ljóst er af sakavottorði ákærða, að hann hefur hlotið tvo dóma fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga og sátt fyrir brot gegn umfl., allt á árinu 1983. Við ákvörðun refsingar verður þetta háttalag ákærða tekið til greina, sbr. 5. tl. 70. gr. almennra hegningarlaga, sbr. einnig 79. gr. almennra hegningarlaga i.f.

Að öllu ofanskráðu athuguðu og virtu þykir refsins ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 2 mánuði.

Með vísan til 141. gr., 1. mgr., laga nr. 74, 1974 ber að dæma ákærða í máli þessu til greiðslu alls sakarkostnaðar. Verjandi ákærða gerir ekki kröfu til málsvarnarlauna, og verða þau því ekki dæmd.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Halldór Einarsson, fæddur 21. apríl 1960 í Reykjavík, sæti fangelsi í 2 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.